



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Bæjarráð Hafnarfjarðar
Rósa Guðbjartsdóttir
Ráðhús Hafnarfjarðar
Strandgötu 6
220 Hafnarfirði

Kópavogi, 8. desember 2020
1501005 PBG/HH

Efni: Málefni skíðasvæðanna.

Á fundi stjórnar SSH hinn 7. desember var til umræðu uppbygging á skíðasvæðunum.
Eftirfarandi var bókað:

Málefni skíðasvæðanna / málsnr. 1501005

Áframhaldandi umræða frá 515. fundi. Gestir fundarins undir þessum lið eru Björg Fenger fulltrúi í samstarfsnefnd Skíðasvæðanna, Magnús Árnason framkvæmdastjóri Skíðasvæðanna, Ómar Einarsson sviðsstjóri ÍTR, Rósa Steingrimsdóttir sviðsstjóri fjármálasviðs Hafnarfjarðar, Margrét Lilja Gunnarsdóttir frá Innkaupaskrifstofu Reykjavíkur og Eyþóra Kristín Geirsdóttir frá embætti borgarlögmanns. Kynntar eru tillögur um framhald innkaupaferlis og uppfærð sviðsmynd vegna uppbyggingar á skíðasvæðunum.

Niðurstaða fundar:

Skrifstofu SSH er falið að senda fyrirliggjandi tillögur til umræðu, afgreiðslu og staðfestingar á vettvangi aðildarsveitarfélaganna. Samhliða er skrifstofu SSH falið að vinna viðauka við Samkomulag um endurnýjun og uppbyggingu á mannvirkjum skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins frá 7. maí 2018, til samræmis við framlagðar tillögur. Málinu verður fylgt eftir með kynningu verði óskað eftir því af sveitarfélögunum.

Meðfylgjandi er m.a. minnisblað (merkt trúnaðarmál ásamt fylgiskjali) sem lagt var fyrir fund stjórnar SSH 30.nóvember og 7.desember en þar er tillögunni lýst. Um er að ræða nýja sviðsmynd framkvæmdanna sem lýst er í meðfylgjandi viðauka II við Samkomulag sveitarfélaganna frá 7.maí 2018.

Óskað er eftir því að meðfylgjandi viðauki við samkomulag um endurnýjun og uppbyggingu á mannvirkjum skíðasvæða verði tekinn til efnislegrar umræðu og afgreiðslu og staðfestingar. Verði framkvæmdastjóra falið ótakmarkað umboð til þess að undirrita viðaukann.

Afgreiðsla málsins óskast send á ssh@ssh.is.

Virðingarfyllst,

Páll Björgvin Guðmundsson
framkvæmdastjóri SSH

Meðfylgjandi gögn:

- 1) Minnisblað verkefnahóps um uppbyggingu og rekstur á skíðasvæðunum ásamt fylgiskjali, dags. 30. nóvember 2020. Trúnaðarmál.
- 2) Viðauki II við samkomulag um endurnýjun á uppbyggingu á mannvirkjum skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins frá 7. maí 2018 ásamt fylgiskjali.